



Skýrsla sveitarstjóra -Sveitarstjórnarfundur 14. júní 2016-

Samantekt þessi þjónar þeim tilgangi að upplýsa bæjarfulltrúa Blönduósbæjar um verkefni sem eru í vinnslu á bæjarskrifstofu Blönduósbæjar á hverjum tíma. Listinn er ekki tæmandi. Frekari upplýsingar um einstök mál veitir sveitarstjóri.

- **Upplýsingamiðstöð**

Opnuð hefur verið upplýsingamiðstöð á Blönduósi í húsnæði Bókasafnsins á Blönduósi. Upplýsingamiðstöðin er samstarfsverkefni Blönduósbæjar, Húnavatnshrepps og Skagabyggðar. Lee Ann Maginnis hefur verið ráðin tímabundið til hafa umsjón með upplýsingamiðstöðinni. Upplýsingamiðstöðin verður opin frá 09:00 – 17:00 alla daga, júní – september. Almenn ánægja er með upplýsingamiðstöðina og hafa viðtökur verði góðar hjá ferðamanninum á fyrstu tveimur starfsvikum miðstöðvarinnar. Haldið er utanum fjöldann sem koma, hvaðan ferðamaðurinn kemur og hver fyrirpurnin er. Þessar upplýsingar munu koma sér vel í áframhaldandi vinnu við að greina viðfangsefni okkar í ferðaþjónustumálum í sýslunni.

- **Ljósleiðari**

Fjarskiptasjóður fékk 500 m.kr. fjárveitingu á fjárlögum 2016 einkum til uppbyggingar ljósleiðarakerfa í dreifbýli utan markaðssvæða. Það liggur fyrir kostnaðaráætlun miðað við að tengja alla staði á Blönduósi. Fjöldi staða er 28 og heildarstofnkostnaður er 28, 5 m.kr. Stefnt er að því að ljúka framkvæmdum á þessu ári.

- **Framkvæmdir**

- Undirbúningur framkvæmda er í fullum gangi við að panta glugga í Blönduskóla. Gluggarnir koma í byrjun júlí. Verið er að undirbúa verkið þannig að framkvæmdir geti hafist sem fyrst við skólalok og að þeim verði lokið tímanlega fyrir skólabyrjun.



- Unnið er að endurbótum tveggja íbúða í blokkinni. Vonast er til að framkvæmdum við þær ljúki í annars vegar 15. júní og hins vegar 1. júlí án eldhúsinnréttinga.
- Undirbúningur fyrir utanhússviðhald blokkarinnar er í gangi og hefur verið rætt við Fasteignir ríkissjóðs um framkvæmdina. Unnin verður verklýsing á endurbótum og leitað tilboða í verkið í framhaldi af því.
- Undirbúningur vegna endurbóta við Félagsheimilið er skemmra á veg komið. Þá hefur verið fengin innanhússhönnuður til að skoða eldhúsálmuna með tillit til endurbóta og lagfæringa á þeim hluta hússins. Verða tillögurnar unnar í samræði við leigutaka og heilbrigðiseftirlit og miða að því að mæta kröfum um hollustuhætti.
- Framkvæmdir á vegum BS. um atvinnu og menningarmál við endurbætur á Árbraut 33 eru hafnar og er verktaki Trésmiðja Helga Gunnarssonar ehf á Skagaströnd með verkið. Gluggasmíði er að ljúka. Áður en haldið verður áfram mun Helgi rýma húsið að innan. Þegar þessum verkhluta er lokið mun hefjast vinna við innri hluta hússins. Byggðasamlagið hefur samþykkt að næsti áfangi verði Lönguvitleysa mun er hafin forhönnun á því húsi. Stefnt er að því að ljúka framkvæmdum í haust við Árbraut 33 og eftir áramót verði farið í Lönguvitleysu. Svo að framkvæmdum við Kvennaskólann haldi áfram þá þarf ríkisvaldið að halda áfram að leggja fé til framkvæmda og hef ég verið í sambandi við fjárlaganefnd að gefa verkefninu áframhaldandi gott veður.
- Unnið hefur verið að hönnun á nýrri göngubrú í Hrótey og hefur Landmótun haft með það verkefni að gera. Miðað er við að gamla Blöndubrúin verði notuð en hugað er að heildaraðgengi, salernisaðstöðu og bættum gönguleiðum í eyjunni. Hugmyndin er að fá fjárlaganefnd, Framkvæmdasjóð ferðamannastaða og Vegagerðina að verkefninu en bætt aðgengi að Hrótey ætti að gera hana að mun vinsælli áningarstað en nú er. Hrótey er friðuð sem fólksvangur að ósk heimamanna og er umsjón fólksvangsins alfarið í höndum heimamanna í samvinnu við Umhverfisstofnun. Öðru hvoru hefur komið upp sú umræða að ekki sé þörf á lokun eyjunnar um varptímann sem er frá 20. apríl til 20. júní ár hvert. Nauðsynlegt er að heimamenn í samvinnu við Umhverfisstofun



móti afstöðu til þess og að þær breytingar ef til kæmi yrðu í tengslum við nýja göngubrú. Einnig mætti hugsa sér að hluti eyjunar yrði áfram lokaður þó að hægt væri að ganga út í eyjuna og hugsanlega upp á efri stallinn á móti bílastæðunum. Önnur umræða er svo um hvort ástæða sé til að hemja útbreiðslu lúpínunar í eyjunni en hún er að mestu norðanmegin í eyjunni.

- Framkvæmdir við brúnna hefjast í lok sumars. Steypt verður brúargolf, gönguleiðin sunnan í brúnni verður fjarlægð og þar með breikkar brúargolfið fyrir bílaumferð sem því nemur. Framvegis verður því einungis hægt að ganga norðan megin í brúnni. Jafnframt verður þjóðvegurinn að brúnni og frá breikkaður sem breikkun brúarinnar nemur.

- **Biodísel**

Áttum fund í vor með EFLU þar sem EFLA kynnti meginniðurstöður sínar varðandi Biodísel verksmiðju á Blönduósi.

- **Álver á Hafursstöðum**

Sveitarstjóri fór yfir stöðu mála varðandi álver á Hafursstöðum.